

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Úr fórum Júlíusar Jóhannessonar frá Hörg

Kassanr.	Tímabil	Efni	
G-62 /1	-	Geldingsárbók I: Ljóðakver, komið frá Bjarna Jóhannessyni á Geldingsá, afa Júlíusar. Uppskriftir á kvæðum eftir ýmsa nafngreinda höfunda aðallega Hjálmar Jónsson í Bólu, Benedikt Gröndal og Sigurð Breiðfjörð. Aðrir höfundar: Jón hreppstjóri Jónsson á Munkaþverá, Kristján Benediktsson frá Hvassafelli og E. Þorgeirsson. Einnig ofurlítið í óbundnu máli, s.s. regla er sýnir aðferð við úrlausn brota, biskupatal á Hólum, viðburðatal, tímatal, leturgjörð, um trúarbrögð o. fl. Þetta er fremst í bókinni. Mismunandi hendur.	14,5 x 9 cm. í lösnu skinnbandi, ekkert bls. tal. Sennilega rúmlega 100 síður.
G-62 /2	1845-1848	Geldingsárbók II: Bundin bók, nokkuð lasin, nakin tréspjöld, leðurkjölur, genginn af líminu. Sumt með hendi Bjarna á Geldingsá, annað ekki, e.t.v. eldra, pappír af ýmsum gerðum og mismundandi litum. Aftan til í bókinni er á tveimur kverum samliggjandi skrifað ofan í eldra, máð letur um annað efni. 1. Rímur af Líkafróni og köppum hans. Aftan við stendur: Rímur þessar eru kveðnar af sáluga Árna Sigurðssyni á Skútum árið 1818, en skrifaðar af Hallgrími Benediktssyni á Þórisstöðum í byrjun árs 1844 fram á vor 1845, endaðar 1. júní. 2. Aldaglaumur, ortur af Jakob I.S. (Hugsast mér að hreyfa ljóðum) 65 vísur. 3. Almennilegur pistill, ortur á Grænlandi 1833 af Sigurði E. Breiðfjörð ennfremur Viðkvæmni (vísur) Afturæðnður (kvæði) og	14,5 x 9 cm. íb. ekkert bls.tal, ca. 300-400 bls. Margt í bókinni er ekki árssett
G-62 /3	1855-1864	Geldingsárbók III. Skrift víða dauf og máð. Á fremra titilblaði stendur: I deild. Ættartala Bjarna Jóhannessonar, byrjuð 1855. Á síðara titilblaði: Drög að Fnjóskdælaættum eftir Espólínsætt, Schefingsætt, Ljósavatnsætt, Ívarsætt og Biskupaættum. Fylgja sagnir af Móðuharðærinu í Illugastaðasókn 1783 (önnur deild) skrifuð af Bjarna Jóhannessyni. 1864.	11 x 6,5 cm. um 500-600 bls. Mjög lasið band og mörg blöð laus.
G-62 /4	1908-1908	Skírnar- og fæðingarvottorð Júlíusar, gefin úr af sr. Ásmundi Gíslasyni á Hálsi í Fnjóskadal.	
G-62 /5	-	Uppskriftir úr prestþjónustubókum. Laufásprestakall 1742-1962, 18 bd.	
G-62 /6	-	Uppskriftir úr prestþjónustubókum. Þóroddsstaðar- og Ljósavatnssóknir 1748-1920 - 5bd. Lundarbrenkusókn og Bárðardalur 1790-1910 - 3 bd. Grenjaðarstaðarprestakall 1818-1930 - 3 bd. Mývatnsþing 1785-1951 - 5 bd.	
G-62 /7	-	Uppskriftir úr prestþjónustubókum. Hálsprestakall 1773-1948, 9 bd. auk lausra blaða.	
G-62 /8	-	Uppskriftir úr prestþjónustubókum 1785-1950. Úr flestum sóknum í Suður-Þingeyjarsýslu og einnig úr Eyjafirði innanverðum og úr Grímsey. Manntöl, ábúendatöl, bændatöl frá 1703, 1742, 1762, 1785, 1801, 1816 og einnig frá seinni tímum. Alls 25 bd.	
G-62 /9	-	Uppskriftir úr prestþjónustubókum. Þönglabakkaprestakall 1785-1944 7 bd.	
G-62 /10	-	Uppskriftir úr prestþjónustubókum. Grenivíkursókn, Höfða-, Grýtubakka-, Þönglabakka-, Laufás-, Háls-, Illugastaða-, Helgastaða-, Þverársókn í Laxárdal o.fl. Alls 11 bd. og sumt á lausum blöðum.	Óársett, upplýsingar ná ca til 1786-1930

Kassanr.	Tímabil	Efni	
G-62 /11	-	Uppskriftir úr prestþjónustubókum. Svalbarðssókn, m.a. skrá yfir skirð börn 1785-1962, víða er getið um maka þeirra síðar, dánardag o.fl. upplýsingar.	
G-62 /12	-	Ýmislegur fróðleikur um Svalbarðsströnd. Búendatöl, manntöl, bændatöl. Búnaðar- og afkomuskýrslur 1791-1946. Uppskriftir úr hreppsþjóðbókum 1791-1879. Úttektir 1788-1901. Uppritaðir fornir máldagar og gjörningar allt frá 1390. Lýsing Svalbarðsstrandar, jarða þar og um ábúendur, samið af Benedikt Árnasyni á Gautsstöðum 1872. Uppskrift Júlíusar 1947. Original trúlega í Lbs. Uppskriftir úr Norðanfara einkum varðandi Svalbarðsströnd. Minni Svalbarðsstrandar (kvæði) eftir Bjarna Arason bónda á Svalbarði, síðar Grýtubakka. 1703-1946 ca.	Óársett, upplýsingar ná ca til 1703-1946.
G-62 /13	-	Svalbarðsstrandararbók. Handrit og önnur drög að Svalbarðsstrandararbók eftir Júlíus, kom út 1964. Sumt er með athugasemdum Árna Kristjánssonar menntaskólakennara á Akureyri.	
G-62 /14	-	Ýmsar uppskriftir og fróðleikur. Ættartölur og æviþættir (sumt uppskrifað úr Geldingsárbókum) m.a. Fjóskdælaættir, Bustarfellsætt, af Jóni Ólafssyni á Brekku í Aðaldal, bændur á Höfnum á Skaga, ætt Ásmundar á Þverá, af Lofti ríka Guttormssyni, Espólinsætt, Garðsárætt, Ljósavatsætt, Vatnsfjarðarætt o.fl. Uppskriftir úr kirkjubókum (mest úr austanverðri Þingeyjarsýslu). Afgjöld og dýrleiki jarða 1754. Flestar sóknir í Suður-Þingeyjarsýslu og fram Eyjafirði. Uppskrift úr Vestur-íslenskum æviskrám (fólk úr Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði) Fjármörk á Svalbarðsströnd, í Öngulsstaðahreppi og í Hálshreppi 1831	Ekki ársett. Upplýsingar ca 1750-1900.
G-62 /15	-	Ættartölur og æviþættir, alls 21 bók (stórar og litlar). Víða með registreri yfir innihald. M.a. má nefna: Höfðhverfingaættir, Svalbarðsætt, ættir biskupa, Schvefingsætt, afkomendur Jóns Arasonar biskups, af Sveini ríka á Illugastöðum, o.fl., o.fl. Einnig eru þarna uppskriftir úr kirkjubókum, búendatöl o.fl. Ýmislegt af ættfræðinni virðist afritað eftir handritum Bjarna Jóhannessonar á Geldingsá. Sumt er að finna í Geldingsárbók III, sem hér er getið að framan (G-62/3). Einnig gætu þarna verið einhverjar uppskriftir eftir handritum Bjarna Jóhannessonar sem varðveitt eru í Lbs., en þar eru allmörg handrit með hans hendi, einkum rímur og annar kveðskapur. Bjarni Jóhannesson var afi Júlíusar Jóhannessonar í móðurætt hans. Hann var fæddur 1833 á Sellandi í Fnjóskadal og bjó þar lengi, enda oft kenndur við hann stað. Á Geldingsá á Svalbarðsströnd hió hann alllenzi Riarni	
G-62 /16	-	Ættartölur og æviþættir (einkum úr Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafirði). Þættirnir eru mjög margir og er þeim raðað í stafrófsröð, A-Ð.	
G-62 /17	-	Ættliður frá Adam og Evu til Bjarna Jóhannessonar.	16,8 x 11,7 cm. ib.